



Hreppsnefnd 24. janúar 2002

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 24. janúar 2001

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 24. jan. kl. 1600 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Inga María Ingadóttir, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Aðalbjörn Björnsson, oddviti, Árni Róbertsson, Steindór Sveinsson og Sigurveig Róbertsdóttir. Jafnframt er mættur sveitarstórinn Þorsteinn Steinsson.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar og síðan var gengið til auglýstrar dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 10. jan. sl. Fundargerðin rædd og síðan samþykkt.
2. mál. Fundargerðir skólanefndar frá 17. og 22. jan. sl. Fundargerðirnar ræddar og sérstaklega var rætt um viðhaldsmál í leikskóla og skóla og var þeim málum vísað til afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Fundargerðirnar að öðru leyti samþykktar.
3. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 17. jan. sl. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
4. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 24. jan. 2002. Fundargerðin samþykkt.
5. mál. Bréf félagsmálaráðuneytisins dags. 16. jan. sl., varðandi formann kjörstjórnar. Lagt fram til kynningar.
6. mál. Landbót, bréf dags. 12. janúar, varðandi styrk vil skógræktarverkefna, vísað til afgreiðslu fjárhagsáætlunar.
7. mál Bréf Sýslumannsins á Seyðisfirði frá 11. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar um leyfi til sölu gistingar og veitinga á Hótel Tanga. Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps mælir með því að slíkt leyfi verði veitt.
8. mál. Bréf SSA frá 12. jan. sl., varðandi samráðsnefnd SSA og Eyþings, en þar kemur fram að framkvæmdaráð SSA hefur tilnefnt Þorstein Steinsson, og Steinar Hilmarsson í sérstakan starfshóp er hafi það hlutverk að skoða stöðu og framtíð svæðisins í nýju Norðausturkjördæmi.
9. mál. Tillaga stýrihóps um framhald verkefnisins " Mótun nýs sveitarfélags á norðursvæði Austurlands.
Lögð fram til afgreiðslu tillaga stýrihóps dags. 4. janúar sl. Tillagan er svohljóðandi: Að teknu tilliti til þeirrar vinnu sem lögð hefur verið í verkefnið "Mótun nýs sveitarfélags á Norðursvæði Austurlands," samþykkja sveitarstjórnir Skeggjastaðahrepps, Vopnafjarðarhrepps, Norður-Héraðs, Fellahrepps, Fljótisdals-hrepps, Austur-Héraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar, að halda áfram þátttöku í verkefninu, í samræmi við meðfylgjandi samkomulag, er verði tekið til afgreiðslu í sveitarstjórnunum allra sveitarfélaganna fyrir 1. febrúar 2002".

Samhliða tillögunni er gert ráð fyrir samkomulagi framangreindra sveitarstjórna um að ganga til samninga um samvinnu á umhverfis- og tæknisviði annars vegar og fræðslu- og félagssviði hins vegar. Til að vinna að framgangi þeirra mála er ráðgert að skipa 2 starfshópa í því skyni.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir þessa vinnutilhögun fyrir sitt leyti og mun tilnefna fulltúa sveitarfélagsins í starfshópana á næsta fundi sínum.

10. mál. Björgunarsveitin Vopni-Örn, bréf dags. 27. sl., varðandi rekstarstyrk. Erindinu vísað til fjárhagsáætlunnar.

11. mál. Undirbúningur á starfssemi Kaupvangs, bréf dags. 20. nóv. sl., frá Ágústu Þorkelsdóttur. Sveitarstjóra og oddvita falið að ræða við Ágústu um erindið.

12. mál. Ýmis mál :

a) Framlög sveitarfélaga til Héraðsnefndar Múlasýslu 2002.

Lagt fram til kynningar.

b) Fundargerð launanefndar sveitarfélaga frá 21.12.2001.

Lögð fram til kynningar.

c) Samband Ísl. Sveitarfélaga, bréf dags. 11. jan. sl., varðandi Ráðstefu um Staðardagskrá 21 15.-16. feb. nk.

Lagt fram til kynningar.

d) Félgsmalaráðuneytið, bréf dag. 10. jan. sl. varðandi málþing um fjárhagaðstoð í velferðarsamfélagi 1. feb. nk.

Lagt fram til kynningar.

Samþykkt var að bæta eftirfarandi málum á dagskrá:

13. mál. Bréf frá Birni Halldórssyni vegna vínveitingaleyfis á þorablótinu, sem haldið verður í félagsheimilinu Miklagarði 26. janúar nk. 2002. Hreppsnefnd samþykkir umbeðið vínveitingarleyfi.

14. mál. Bréf dags. 6. janúar 2002, um makaskipti á Kolbeinsgötu 7, efri hæð og Lónabraut 39 og frá Jörgen Sverrissyni og Hrafnhildi Ævarsdóttur.

Oddviti kynnti málið og lögð var fram eftirfarandi tillaga:

“Með bréfum yðar frá 5. des og 6. janúar sl. er óskað eftir makaskiptum á eign yðar að Kolbeinsgötu 7 og annars vegar Lónabraut 43 og hins vegar Lónabraut 39, sem eru félagslegar eignir í eigu Vopnafjarðarhrepps. Eignir þessar eru sem stendur í útleigu og eru ekki til sölu m.a. af þeim sökum.

Samkvæmt þessu getur Vopnafjarðarhreppur ekki orðið við erindi yðar miðað við núverandi stöðu mála.

Vopnafjarðarhreppur telur þó vel koma til greina að nýtt tilboð verði skoðað að nýju þegar húseignir þessar eða aðrar eignir í eigu hreppsins losna úr útleigu.”

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt.

Ennfremur var rætt um að marka þyrfti stefnu í húsnæðismálum hreppsins, svo sem um leigu, sölu o.fl.

Fleira ekki gert og fundi slitið.